




Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun um **dómsmál** 2025–2030

Réttareining, réttaröryggi og baráttan
gegn glæpum og hryðjuverkum



Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	4
Pólítískar áherslur	7
Markmið 1: Norræn réttareining	9
Markmið 2: Öflug og virk réttarríki og lýðræði á Norðurlöndum	11
Markmið 3: Forvirkar aðgerðir og barátta gegn afbrotum	13
Úttekt á samstarfsáætluninni	16
Um ritið	17

Þetta rit er einnig fánlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
<https://pub.norden.org/politknord2024-768>

Formáli



Gunnar Strømmer dómsmálaráðherra Svíþjóðar og Karen Ellemann framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

Norrænt samstarf á sviði dómsmála styður við framtíðarsýn norrænu forsætisráðherranna um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030.

Löggjafarsamstarfið stuðlar að sameiginlegum grundvallarreglum í löggjöf Norðurlandanna í samhljómi við almenn norræn gildi sem m.a. byggja á lýðræði og trausti til stofnana samfélagsins. Samstarfið er einnig mikilvægur liður í evrópsku löggjafarsamstarfi og við innleiðingu ESB/EES-gerða og annarra alþjóðlegra skuldbindinga.

Auk þess hefur í samstarfinu á þessu sviði sjónum verið beint sérstaklega að grundvallarstoðum réttarríkisins og að fyrirbyggja og berjast gegn öfgahyggju, hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Samstarfið stuðlar þannig að samfélagsöryggi og viðnámsþrótti norræns samfélags.

Samstarfið styður fyrst og fremst við stefnumarkandi áhersluna um félagslega sjálfbær Norðurlönd sem felst í framtíðarsýn norrænu forsætisráðherranna en einnig við áhersluna er varðar samkeppnishæf Norðurlönd.

Gunnar Strømmer
dómsmálaráðherra Svíþjóðar

Karen Ellemann
framkvæmdastjóri Norrænu
ráðherranefndarinnar

Inngangur

Framtíðarsýnin og stefnumótandi áherslurnar þrjár

Hinn 20. ágúst 2019 ákváðu forsætisráðherrar norrænu landanna að Norðurlönd skyldu verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030, sbr. Framtíðarsýn okkar 2030. Öll starfsemi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að framgangi þessarar framtíðarsýnar og hinna stefnumótandi áherslna sem eru nánar tiltekið græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Réttarsamstarfið snýst einkum um þrjú stefnumótandi verkefnasvið: „Norræna réttareiningu“, „réttaröryggi á Norðurlöndum“ og „forvirkar aðgerðir og baráttu gegn afbrotum“. Það er á grundvelli þessara verkefnasviða sem samstarfið á sviði dómsmála leitast við að uppfylla markmið áherslumálanna „samkeppnishæf Norðurlönd“ og „félagslega sjálfbær Norðurlönd“ í „Framtíðarsýn okkar 2030“ fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar.

Dómsmálasamstarfið vinnur að norrænni réttareiningu í samræmi við ákvæði Helsingforssamningsins um norrænt samstarf, spornar gegn nýjum og óþörfum stjórnsýsluhindrunum á Norðurlöndum og beitir sér fyrir samþættingu á öllu svæðinu. Verkefnasviðið rennur stoðum undir bæði hin stefnumótandi áherslusvið framtíðarsýnarinnar „félagslega sjálfbær Norðurlönd“ og „samkeppnishæf Norðurlönd“.

Verkefnasviðinu réttaröryggi á Norðurlöndum er ætlað að tryggja og viðhalda grundvallarreglum réttarríkisins, bæði í löndunum og nærsvæðum þeirra, og þannig stuðla að því að þau verði öll sem eitt félagslega sjálfbær.

Forvirkar aðgerðir og barátta gegn afbrotum, þar á meðal skipulagðri glæpastarfsemi og hryðjuverkum, skipa sérstakan sess í samstarfinu á sviði dómsmála. Þess vegna hefur dómsmálasviðið m.a. sett á fót starfshópa til að skipuleggja aðgerðir gegn mansali og netglæpum. Það á þátt í að uppfylla markmiðið um félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Samstarfsáætlunin

Pólitískum forgangsmálum og markmiðum tímabilsins 2025–2030 er lýst í samstarfsáætluninni á sviði dómsmála.

Forgangsmál sviðsins eru samstarf á verkefnasviðunum „norræn réttareining“, „réttaröryggi á Norðurlöndum“ og „forvirkar aðgerðir og barátta gegn afbrotum“.

Norðurlandaráð hefur ásamt öðrum viðkomandi aðilum tekið þátt í undirbúningi samstarfsáætlunarinnar.

Samstarfsáætlunin er stjórnþæki fyrir alla starfsemi ráðherranefndarinnar um dómsmál. Ráðherranefndin samþykkti samstarfsáætlunina hinn 20. september 2024 og gildir hún til 31. desember 2030.

Samstarfsáætlunin tekur mið af því keppikefli Norrænu ráðherranefndarinnar að vinna að framgangi framtíðarsýnarinnar svo að Norðurlönd megi verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Allar ráðherranefndir Norrænu ráðherranefndarinnar vinna að því að uppfylla framtíðarsýnina með hinum þremur stefnumótandi áherslum.

Framtíðarsýn okkar 2030



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að því að gera að veruleika framtíðarsýn okkar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Samstarfsáætlunin lýsir því hvernig fagsviðið ætlar að vinna með stefnumarkandi áherslurnar þrjár.

Pólítískar áherslur

Í samstarfinu er sérstök áhersla lögð á grundvallarforsendur þess að viðhalda lýðræði, trausti og samheldni á Norðurlöndum. Öflugt og virkt réttarríki er forsenda trausts og samheldni í löndunum og þarf þess vegna að vera í brennidepli eins og áður.

Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að grundvallarréttindum, gildum og réttaröryggi er ógnað í sumum nágrannaríkjum Norðurlanda. Norrænu löndin geta sameiginlega spyrnt fótum við þessari þróun. Reglur réttarríkisins og virkt lýðræðisfyrirkomulag, þar sem menn beita sér m.a. gegn mismunun og í þágu grundvallarréttinda, eru grunnurinn að þróttmiklu samfélagi sem stuðlar að frjálsu og blómlegu mannlífi.

Norrænu löndin standa framarlega í stafvæðingu. Opinber stjórnarsýsla og dómstólar geta orðið aðgengilegri og skilvirkari að tilstuðlan tölvutækninnar en böggull fylgir skammrifi því að stafvæðing hins opinbera hefur einnig áhrif á réttaröryggi fólks og fyrirtækja. Löndin myndu því ótvírætt njóta góðs af því að miðla sín á milli þekkingu og upplýsingum um reynslu sína á þessu sviði.

Þá leggur svið dómsmála sitt af mörkum til þess að efla starf gegn mismunun og standa vörð um mannréttindi, þar á meðal jafnrétti kynjanna, réttindi barna og ungmenna, réttindi fatlaðs fólks og hinsegin fólks.

Glæpamennska virðir engin landamæri, hvorki í stafrænum heimi né raunheimi. Brotastarfsemi sem teygir anga sína yfir landamæri er sameiginlegt úrlausnarefni norrænu landanna. Aukið lögreglusamstarf til að hindra og vinna bug á slíkum afbrotum er því forgangsmál í norrænu samstarfi á sviði dómsmála.

Mörg norrænu landanna eiga við skipulagða glæpastarfsemi að stríða, klíkuglæpi og kynferðisbrot. Sama á við um mansal.

Í baráttunni gegn skipulagðri brotastarfsemi og klíkuglæpum skiptir miklu að koma í veg fyrir alvarlegt ofbeldi, veikja fjárhagslegan grundvöll undirheimanna og búa svo um hnútana að glæpahópum takist ekki að vinna börn og ungmenni á sitt band. Auk þess er mikilvægt að varast flugumenn sem hreiðra um sig innan stjórnarsýslunnar og þess konar tilraunir til að njósna og hafa óeðlileg áhrif á stjórnvöld eða þá sem fara með opinbert vald.

Öfgahyggja og ofstæki eru sömuleiðis sameiginlegt úrlausnarefni enda kann lýðræði og samstöðu á Norðurlöndum að stafa ógn af slíku. Enn fremur eru gyðingahatur og gyðingaofsóknir mikið vandamál sem birtist í heimsmynd og ofbeldisfullri öfgahyggju nútímans. Til að auka þekkinguna um forvarnir og baráttu gegn framangreindum fyrirbærum er vilji fyrir því á sviði dómsmála að samstarfinu og þekkingarmiðluninni sem af því leiðir verði haldið áfram.

Með aukinni stafrænni þróun eykst þörfin á að fylgjast með glæpum sem framdir eru með aðstoð netins. Það á ekki síst við um kynferðisbrot gegn börnum en þó einnig um annað stafrænt ofbeldi og efnahagsbrot. En stafvæðingin gerir löndunum einnig kleift að þróa nýjar og nýstárlegar rannsóknaraðferðir. Þau hafa mikið gagn af samvinnu um nýja þekkingu á þessu sviði og hefur starfshópum á vegum dómsmálasamstarfsins verið komið á laggirnar til að skipuleggja slíkt samráð, m.a. að því er varðar baráttu gegn mansali og netglæpum.

Ofbeldi í nánnum samböndum er samfélagsmein alls staðar á Norðurlöndum og verður einnig til athugunar á sviði dómsmála. Fáí ofbeldi í nánnum samböndum þrífist er ekki hægt að halda því fram að jafnrétti ríki í löndunum og að konur og börn geti treyst því að fá notið réttar síns.

Mismunur á löggjöf landanna veldur stjórnsýsluhindrunum sem hafa slæm áhrif á hreyfanleika fjölskyldna og atvinnulífs á Norðurlöndum. Þess vegna leitast dómsmálasviðið við að ná fram réttareiningu á Norðurlöndum. Fast ákveðnir fundir á sviði dómsmálanna milli dómsmálaráðherranna annars vegar og í embættismannanefndunum hins vegar, þar sem reglulegt samráð landanna fer fram, ráða úrslitum um hvernig til tekst. Sama er að segja um reglulega fundi í sérfræðingahópum um sifjarétt og refsirétt sem skipa sinn fasta sess í samstarfinu.

Eftir því sem ESB/EES-réttur þróast verður þörfin á norrænu samstarfi um innleiðingu og framkvæmd ESB/EES-gerða og -dóma æ ríkari, rétt eins og við á um önnur málefni á alþjóðasviðinu, eins og þeim sem tengjast Mannréttindasáttmála Evrópu og öðrum milliríkjasamningum. Dómsmálaráðherrarnir eru þessu til viðbótar ábyrgir fyrir samstarfi um mál sem almennt heyra undir dómsmálaráðuneytin í norrænu ríkjunum.

Samstarfið um dómsmál fer fram á árvissum ráðherrafundum og fundum í embættismannanefndunum og föstum starfshópum. Dómsmálasviðið fjármagnar einnig málþing og tengslanet á ýmsum sviðum þar sem sérfræðingar og annað fagfólk getur borið saman bækur sínar. Enn fremur veitir það styrki til rannsókna og úttekta sem geta myndað grunn að frekari þróunarvinnu í norrænu löndunum. Þá taka þessar rannsóknir oft til nágrannalanda eins og Eistlands, Lettlands og Litáens og hefur verið skipaður starfshópur (Nordic Baltic Contact Group) með norrænum og baltneskum embættismönnum sem kemur saman á ári hverju samkvæmt verklýsingu hans og umboði. Dómsmálaráðherrarnir á Norðurlöndum hitta dómsmálaráðherra Eystrasaltsríkjanna á fundi annað hvert ár.

Ráðherranefndin um dómsmál hefur komið sér saman um eftirtalin markmið og undirmarkmið fyrir starfsemina árin 2025–2030. Allt norrænt samstarf á þessu málefnasviði er unnið með hinar pólitísku áherslur að leiðarljósi.

Markmið 1: Norræn réttareining

Samkeppnishæf Norðurlönd

Stuðla skal að norrænni réttareiningu. (Þetta markmið styður einnig við áherslusviðið „félagslega sjálfbær Norðurlönd“).



”

Mismunur á löggjöf landanna veldur stjórnsýsluhindrunum sem hafa slæm áhrif á hreyfanleika fjölskyldna og atvinnulífs á Norðurlöndum.

Undirmerkið 1.1.

Að taka þátt í að fyrirbyggja og afnema stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum sem lagalegar ástæður valda.

Undirmerkið 1.2.

Að sjá til þess að norrænu löndin miðli og afli upplýsinga um löggjöf hinna landanna við lagasmíði.

Markmið 2: Öflug og virk réttarríki og lýðræði á Norðurlöndum

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Tryggja ber réttaröryggi allra borgara og fyrirtækja á Norðurlöndum og gæta grundvallarréttinda allra.



”

Öflugt og virkt réttarríki er forsenda trausts og samheldni í löndunum og þarf þess vegna að vera í brennidepli eins og áður.

Undirmarkmið 2.1

Að bæta þekkingu og skilning á afleiðingum aukinnar stafvæðingar í því skyni að auka skilvirkni í málsmeðferð stjórnvalda og dómstóla, t.d. með aðstoð gervigreindar, með það í huga að treysta og efla réttaröryggi borgara og fyrirtækja á Norðurlöndum.

Undirmarkmið 2.2

Að tryggja réttaröryggi allra borgara á Norðurlöndum og gæta grundvallarréttinda, svo sem jafnréttis kynjanna og réttinda barna og ungmenna.

Undirmarkmið 2.3

Að styðja viðleitni til að efla réttaröryggi og lýðræði með það í huga að treysta réttarkerfið og viðnámsþrótt lýðræðisins ásamt því að efla hlutdeild almennings í hvoru tveggja.

Markmið 3: Forvirkar aðgerðir og barátta gegn afbrotum

Efla skal norrænt samstarf að fyrirbyggjandi aðgerðum og baráttu gegn glæpastarfsemi á Norðurlöndum.



”

Í baráttunni gegn skipulagðri brotastarfsemi og klíkuglæpum skiptir miklu að koma í veg fyrir alvarlegt ofbeldi, veikja fjárhagslegan grundvöll undirheimanna og búa svo um hnútana að glæpahópum takist ekki að vinna börn og ungmenni á sitt band.

Undirmarkmið 3.1

Að miðla þekkingu og vera vettvangur fyrir samanburð á reynslu landanna og greiningu á hvern breytinga kunni að vera þörf á sviði forvarna og baráttu gegn glæpastarfsemi, hryðjuverkum og innrætingu öfgahyggju, að meðtalinni samvinnu um rannsóknaraðferðir með hliðsjón af þróun löggjafar Evrópusambandsins og annarra alþjóðlegra skuldbindinga.

Undirmarkmið 3.2

Að efla samstarfið um forvirkar aðgerðir og baráttu gegn skipulagðri brotastarfsemi og klíkuglæpum með það að leiðarljósi að veikja fjárhagslegan grundvöll undirheimanna, koma í veg fyrir að börn og ungmenni láti ginnast af glæpamennsku og vinna gegn óeðlilegum áhrifum á stjórnvöld og þá sem hafa með höndum opinbert vald.

Undirmarkmið 3.3

Að þróa og efla norrænt samstarf um að fyrirbyggja og vinna bug á hvers konar birtingarmyndum mansals.

Undirmarkmið 3.4

Að miðla bæði þekkingu og reynslu um yfirfærslu refsifullnustu og möguleika á að bregðast við plássleysi í innlendum fangelsum.

Undirmarkmið 3.5

Að auka vægi og taka þátt í að fyrirbyggja og bregðast við ofbeldi í nánum samböndum, þar með talið kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum.

Undirmerkið 3.6

Að efla norrænt samstarf um baráttuna gegn netglæpum og upplýsingamiðlun um reynslu landanna á því sviði, þar sem sérstök áhersla er lögð á baráttu gegn stafrænum kynferðisbrotum annars vegar og á vernd barna á netinu hins vegar, með hliðsjón af þróun löggjafar ESB og annarra alþjóðlegra skuldbindinga.

Úttekt á samstarfsáætluninni

Samstarfsáætlunin gildir fyrir tímabilið 2025–2030 en er skipt niður í þriggja ára starfsáætlanir fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030.

Á miðju tímabilinu verður gerð úttekt og á grundvelli hennar kann ráðherranefndin að gera breytingar á samstarfsáætluninni ásamt því að fá tillögur að því hvernig rétt sé að útfæra starfsáætlun fyrir seinni hluta tímabilsins.

Auk þess verða gerðar milliúttektir eftir því sem framkvæmdastjóri og ráðherranefndin telja þörf á.

Um ritið

Norræn samstarfsáætlun á sviði dómsmála 2025–2030

PolitikNord 2024:768

ISBN 978-92-893-8009-6 (PDF)

ISBN 978-92-893-8010-2 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politiknord2024-768>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Mynd á forsiðu: Knud Andersen

Myndir: Julian Hochgesang (Unsplash), Johannes Jansson (Skyfish), Planet volumes (Unsplash)

Útgefið: Október 2024



Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus, Ved Stranden 18, DK-1061 Kaupmannahöfn, www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur